UMHVERFIS
STOFNUN

málsnr.
121 1376

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær
Innk: 19. 6. 2017
Málsnr: 1211376
Bréfal: 512

Reykjavík 15. júní 2017
UST201705-233/B.S.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Ásvallabraut, Ásland. Umsögn**

Vísað er til bréfs Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar dags. 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.
Markmið skipulagsins er að tengja saman Vallahverfi og Áslandi. Gert er ráð fyrir fjögurra akreina vegi. Vegurinn mun liggja um blágrýtis- og móbergsholt. Lúpína er áberandi og einnig hefur verið plantað trjám í vegstæðið. Malarslóðir liggja nú um svæðið.
Ráðgert er að leggja göngu- og hjólreiðastíga meðfram brautinni og raskað land verður endurmótað, grætt upp og tré gróðursett sem flutt verða af framkvæmdasvæðinu.
Á hluta leiðarinn mun umferðarhávaði fara yfir mörk sem sett eru í reglugerð nr. 724/2008.
Á þessum stöðum er ráðgert að reisa hljóðmanir. Fram kemur í greinargerð að hér sé um mótvægisaðgerðir að ræða. Kanna ætti hvort til mótvægisaðgerða geti talist að uppfylla kröfur fyrrnefndrar reglugerðar.
Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is